

Fundargerð 457. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, fimmtudaginn 19. október kl. 12:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Björn Arnaldsson.

Í fjarfundarsambandi voru Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sátu fundinn Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 456. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 456. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. september 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fundargerð Siglingaráðs - 2009019HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 42. fundar Siglingarráðs frá 14. júní 2023.

3. Dagskrá hafnafundar - 2211002HA

Formaður gerði grein fyrir endanlegri dagskrá og skipulagi fundarins. Ákvörðun var tekin um að streyma fundinum í gegnum Teams vegna veðurs.

4. Tryggingamál hafnasjóða - 2310001HA

Rætt um tryggingamál hafna og réttarstöðu þeirra þegar kemur að tjóni. Einnig lagt fram minnisblað sem Lex lögmannstofa vann fyrir Hafnasambands Íslands árið 2015 um tryggingamál hafna.

Stjórn samþykkir að láta vinna aftur minnisblað um réttastöðu hafna í tryggingamálum. Formanni falið að útbúa verkefnalýsingu og leggja fram á næsta fundi.

5. Fjarvigtun - 2009021HA

Rætt verður um tilraunaverkefni um fjarvigtun en eftirfarandi hafnir hafa sýnt því áhuga á að taka þátt: Borgarfjarðarhöfn, Breiðsdalsvíkurhöfn, Stöðvafjarðarhöfn, Raufarhöfn, Brjánslækjarhöfn og Hofsóshöfn.

6. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Formaður gerði grein fyrir samtali sem hann átti með starfsfólki í umhverfisráðuneytinu um veiðarfærasamninginn.

7. Gjaldskrár hafna varðandi móttöku á úrgangi - 2201002HA

Rætt um gjaldskrármál hafna varðandi móttöku á úrgangi. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að hafnir hugi vel að gjaldskrár sínum þegar kemur að móttöku á úrgangi.

8. Breyting á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, mál nr. S-131-2023 og S-181-2023 - óskað umsagnar - 2308003SA

Framlögð til kynningar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. október 2023, um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 3. október 2023.

9. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2022 - 2310002HA

Lögð fram til kynningar Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna fyrir árið 2022 sem var unnin af Sólveigu Ástudóttur Daðadóttur, sérfræðingi á hag- og upplýsing sviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 13:35